

Notendahandbók

Þvottavél EW6F5248G3

Vörunúmer: 1805696



Þýtt í maí 2018



HÚSASMIÐJAN

NOTENDAPJÓNUSTA OG VIÐGERÐIR

Það á ávallt að nota varahluti frá framleiðanda. Vertu viss um að hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar þegar hafa þarf samband við þjónustuverkstæði: Gerð (Model), gerðarnúmer (PNC) og raðnúmer (Serial Number). Upplýsingarnar er að finna á upplýsingaplötu.



Viðvörðun/varúð - Öryggisleiðbeiningar



Almennar upplýsingar og ráð



Upplýsingar varðandi umhverfið

Réttur áskilinn til breytinga án viðvörðunar.

1. ÖRYGGISUPPLÝSINGAR

Lesið meðfylgjandi upplýsingar vandlega áður en tækið er sett upp og notað. Framleiðandinn tekur enga ábyrgð á hugsanlegum skaða ef útkoman er vegna rangar uppsetningar eða notkunar. Geymið leiðbeiningarnar ávallt hjá tækinu til nota í framtíðinni.

1.1 Öryggi barna og annarra

Börn yfir 8 ára að aldri og persónur með takmarkaða geta notað þurrkarann ef fylgst er með þeim og þau hafa fengið tilsögn varðandi notkun á tækinu og þau skilji þær hættur sem eru samfara notkuninni. Börn mega ekki leika sér með tækið.

Halda skal börnum 3ja ára og yngri frá þessu tæki þegar það er í gangi.

Halðið umbúðunum fjarri börnum og fargið umbúðunum á réttan hátt.

Halðið öllum þvottaefnum fjarri börnum.

Halðið börnum og heimilisdýrum fjarri tækinu þegar hurðin er opin.

Ef vélín er með barnalæsinguna þá á að virkja hana. börn mega ekki hreinsa tækið eða annast á því viðhald án umsjónar.

1.2 Almennt um öryggi

Ekki má breyta tækinu eða tæknilegri lýsingu þess. Fylgið hámarkshleðslu sem hægt er að setja í tækið (sjá kafla um kerfi).

Vatnsþrýstingur (lágmark og hámark) á að vera á bilinu 0,5 bar (0,05 MPa) og 8 bar (0,8 MPa).

Ekki má loka fyrir loftop á botni með gólfteppi, mottu eða öðru gólfefni.

Aðeins á að nota nýjar meðfylgjandi vatnsslöngur til að tengja vélina við vatn eða aðrar nýjar slöngur sem fást hjá viðurkenndu þjónustuverkstæði.

Ekki má endurnýta gamlar slöngur.

Ef rafmagnssnúran er skemmd, skal henni skipt út af öryggisástæðum hjá framleiðanda, viðurkenndu þjónustuverkstæði eða af til þess hæfum tæknimanni.

Slökkvið á tækinu og takið það úr sambandi við straum áður en viðhald er framkvæmt.

Ekki nota háþrýstivatnsúða og/eða gufu til að hreinsa vélina.

Hreinsið vélina með mjúkum rökum klút. Ef notuð er sápa á hún að vera mild. Notið aldrei gróf hreinsiefni, grófa þvottasvampa eða leysiefni.

2. 2. ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

2.1 Uppsetning

Fjarlægjið allar umbúðir og flutningsbolta.

Geymið flutningsboltana á öruggum stað. Af flytja þarf vélina aftur síðar, á að setja þá á sinn stað aftur til að læsa tromlunni, svo komist sé hjá skemmdum að innanverðu.

Sýnið ávallt aðgát þegar tækið er flutt til því það er þungt. Notið ávallt öryggishanska og lokaða skó.

Ekki setja upp eða nota tæki sem er skemmt.

Fylgið uppsetningarleiðbeiningunum sem fylgja tækinu.

Varist að staðsetja vélina þar sem hitastig getur farið niður fyrir 0°C eða áhrifa gætir frá veðri.

Gólfíð þar sem vélín er sett upp verður að vera flatt, stöðugt, hitaþolið og hreint.

Gangið úr skugga um að hringrás lofts sé til staðar milli gólfsins og tækisins.

Varist að setja vélina upp beint yfir niðurfallinu.

Stillið fætturna til að fánauðsynlegt millibil á milli vélar og gólfs.

Ekki staðsetja vélina þar sem ekki er hægt að opna hurð þvottavélarinnar að fullu.

Varist að setja ílát til að taka við hugsanlegum vatnsleka undir vélina. Hafið samráð við þjónustuaðila varðandi búnað sem má nota.

2.2 Tenging við rafmagn

Tengja verður vélina við straum með jarðtengingu í samræmi við reglugerð.

Notið ávallt rétta gerð af tengli.

Gakktu úr skugga um að tölur á upplýsingaplötu samrýmist upplýsingum um rafstraum í húsinu.

Notið ekki framlengingar eða fjöltengi.

Gætið þess að skemma ekki tengilinn eða snúruna. Ef þörf er á að skipta um rafmagnskapal, ætti slíkt að vera framkvæmt af þjónustuaðila.

Tengið rafmagnssnúru í tengil aðeins við lok

uppsetningarinnar. Tryggið að það sé aðgengi að rafmagnsinnstungu eftir uppsetninguna.

Ekki snerta rafmagnskapalinn eða klóna með blautum höndum.

Ekki taka vélina úr sambandi við rafmagn með því að toga í sjálfa snúruna. Takið ávallt í sjálfa klóna til þess.

Þetta tæki er í samræmi við reglugerðir

Evrópusambandsins.

2.3 Tenging við vatn

Gætið þess að valda ekki skemmdum á vatnsslöngum. Ef tengja á vélina við nýjar vatnslagnir eða lagnir sem ekki hafa verið notaðar um langan tíma, ætti að láta vatnið renna í nokkrar mínútur áður en vélin er tengd. Gætið þess að það séu ekki vatnslekar við og eftir fyrstu notkun á vélinni.

Notið ekki framlengingarslöngu, ef vatnsslöngan er of stutt. Hafið samráð við þjónustuverkstæðið til að skipta um slöngu

Hægt er að lengja frárennisslönguna mest um 400 cm. Hafðu samband við þjónustumiðstöð fyrir aðra frárennisslöngu og framlengingu.

2.4 Notkun



VIÐVÖRUN!

Hætta á meiðslum, raflosti, eldi, bruna eða skemmdum á tækinu.

Tækið er aðeins ætlað til notkunar á heimilum.

Fylgið öryggisleiðbeiningum á umbúðum þvottaefnis.

Ekki setja eldfima hluti eða hluti sem eru blautir með eldfimum vökva nálægt eða á tækið.

Gætið að því að allir hluti úr málmni séu fjarlægðir úr þvottinum.

3. UPPSETNING




VIÐVÖRUN!

Sjá kafla um öryggi.

3.1 Tekið úr umbúðum

1. Fjarlægjið hlífðarfilmu að utan. Notið hníf ef þarf.



2. Fjarlægjið pappa efst og pökkunarefni úr froðuplasti.

Ekki þvo efni með mikið af olíu, fitu eða öðrum fitugum efnum. Þetta getur skaðað gúmmíhluti í vélinni. Þvoðu þessi efni með hendi áður en þau eru sett í þvottavélina.

Ekki snerta glerið á hurðinni þegar þvottakerfið er í gangi. Glerið getur verið heitt.

2.5 Þjónusta

Hafið samband við þjónustuverkstæði til að framkvæma viðgerðir.

Það á að nota varahluti frá framleiðanda.

2.6 Förgun



VIÐVÖRUN!


Hætta á meiðslum eða köfnun.

Takið klóna úr innstungunni og aftengið vélina frá vatni.


Klippjið á straumsnúruna nálægt vélinni og fargið henni.

Fjarlægjið hurðarlæsinguna til að koma í veg fyrir að börn eða dýr geti lokast inni í vélinni.


Fargaðu tækinu í samræmi við gildandi reglur um rafmagns- og rafeindaúrgang (WEEE).




3. Opnið hurðina. Fjarlægjið alla hluti úr tromlunni.




4. Setjið froðuplastið af framhliðinni á gólfið. Leggið vélina varlega á bakið.



5. Fjarlægið froðuplastið af botninum Setjið vélina aftur í lóðréttu stöðu.




6. Takið straumsnúruna og frárennisslönguna úr festingunum.




Það er hugsanlegt að vatn leki úr slöngunni. Það er vegna þess að þvottavélin var prófuð í verksmiðjunni.

7. Fjarlægið flutningsboltana þrjá og dragið plaststykkinn út.



8. Setjið plastlokin sem fylgja með í pokanum með notendaleiðbeiningunum í götin.



Við mælum með því að þú geymir umbúðirnar og flutningsbolta ef þú þarft að flytja tækið.


3.2 Upplýsingar um uppsetningu

1. Sett upp og stillt lárétt

Rétt stilling tækisins er þannig að hún sé lárétt og kemur í veg fyrir titring, hávaða og hreyfingu tækisins þegar það er í notkun.

1. Setjið tækið á slétt, hart gólf. Tækið ætti að vera lárétt og stöðugt. Gakktu úr skugga um að tækið snertir ekki vegginn eða önnur tæki og að loftflæði sé fyrir neðan tækið.

2. Herðið eða losið fætur til að stilla tækið af. Allir fætur eiga að vera stöðugir á gólfinu.



VIÐVÖRUN!

Leggið ekki pappa, tré eða svipuð efni undir fætur tækisins til að stilla hæðina.


2. Vatnsslangan



SÝNIÐ AÐGÁT!

Gakktu úr skugga um að slöngur séu ekki skemmdar og að engar lekar séu frá tengjunum. Notið ekki framlengingarslöngu, ef vatnsslangan er of stutt. Hafið samráð við þjónustuverkstæðið til að skipta um slöngu.

1. Tengid vatnsslönguna aftan á vélinni.



2. Staðsetjið hana til hægri eða vinstri miðað við stöðu á vatnskranan. Gangið úr skugga um að vatnsslangan sé ekki í lóðréttri stöðu.

3. Losið um róna til að setja hana í rétta stöðu.

4. Tengdu slönguna við kaldavatnskranann með 3/4 " snitti.

3. Tæming á vatni


Frárennisslangan ætti að vera í amk 60 cm hæð og ekki meira en 100 cm.




Hægt er að lengja frárennisslönguna mest um 400 cm. Hafðu samband við þjónustumiðstöð fyrir aðra frárennisslöngu og framlengingu.

Hægt er að tengja frárennisslönguna á mismunandi hátt

1. Myndaðu U-form með slöngunni og settu hana utan um slöngustýringuna.




2. Á brún á vaski - festu stýringuna við kranann eða vegginn.




Gakktu úr skugga um að plaststýringin geti ekki hreyfst til þegar vélin er tæmd og að endi á slöngu sé ekki á kafi í vatni. Það gæti komist óhreint vatn til baka inn í vélina.

3. Ef endinn á frárennisslöngu lítur út eins og þetta (sjá mynd), ýttu henni beint inn í rörið.




4. Fyrir niðurfallsrör með inntaki - Setjið frárennisslönguna beint í niðurfallsrörið. Sjá myndina.




Endastykki afrennisslöngu skal alltaf vera loftræst, þ.e. Innanmál frárennislírs (lág. 38 mm - lág. 1,5 ") verður að vera meira en utanmál á þvermáli slöngunnar.

5. Án plastslöngustýringar, í vatnslás - Setjið frárennisslönguna í múffuna og hertu með klemmu. Sjá myndina.




Gakktu úr skugga um að frárennisslängan sé með beygju sem kemur í veg fyrir að agnir komist inn í tækið úr handlauginni.

6. Setjið slönguna beint inn í innbyggt frárennslí í veggnum á herberginu og festið hana með klemmu.



4. LÝSING Á TÆKINU

4.1 Yfirlit yfir tækið



1 Borðplata

2 Hólf fyrir uppvottasápu

3 Stjórnborð

4 Hurðarhandfang

5 Upplýsingaplata

6 Sía fyrir tæmingardælu

7 Fætur til að stilla vélina af

8 Frárennsslíslanga

9 Tenging á vatnsslöngu

10 Straumsnúra

11 Flutningsboltar

12 Slöngufesting

5. STJÓRNBORÐ


5.1 Sérstakar aðgerðir

Nýja þvottavélin þín uppfyllir allar nútíma kröfur um skilvirka meðferð á þvotti með litla vatnsnotkun,

orkunotkun og notkun á þvottaefnum sem og góða umönnun á efninu.


SensiCare kerfið stillir sjálfkrafa lengd þvottakerfis að þvottinum í trommunni til að ná fram fullkomnum þvotti á skömmum tíma.

5.2 Lýsing á stjórnborðinu



- 1** Valhnappur fyrir kerfi
- 2** Skjár
- 3** Hnappur fyrir bið á gangsetningu
- 4** Time Manager-hnappur
- 5** Start/bið-hnappur
- 6** Soft Plus-hnappur
- 7** Hnappur fyrir aukaskol
- 8** Hnappur fyrir forþvott
- 9** Hnappur til að minnka þeytivindu
 - Engin þeytivinda - val
 - Skolstopp - val
 - Næturlvottur - val
- 10** Hnappur fyrir hitastig
- 11** Hnappur kveikt/slökkt

5.3 Skjár




A		Táknmynd fyrir hurðarlæsingu
B		Táknmynd fyrir seinkun á gangsetningu
C		Stafræna tilvísunin getur sýnt: Lengd kerfis (til dæmis 2:40) Seinkun á tíma (til dæmis 2h) Lok kerfis (0:00) Viðvörunarkóða (til dæmis E20).

D	-----	Tákn fyrir Time Manager
E	•••••	Táknmynd fyrir hreinsun á tromlu.
F		Táknmynd barnalæsingar.
G		Tákn fyrir viðbót á þvotti. Kviknar í upphafi þvottakerfis á meðan notandinn getur enn gert hlé á þvottinum og bætt við meiri þvotti.

5.4 Merkimiðar á fleiri tungumálum

Vélin kemur með límmiða á mismunandi tungumálum. Æskilegan límmiða er hægt að líma við hlið hnappsins fyrir kerfi.



6. Snúningshnappur og aðrir hnappar

6.1 Inngangur



Ekki er hægt að velja valkosti / aðgerðir með öllum þvottakerfum.

Athugaðu samhæfni milli valkosta / aðgerða og þvottakerfa í „Yfirlit yfir kerfi“. Valkostur / eiginleiki getur útilokað annan, og í því tilfalli mun tækið ekki leyfa þér að stilla ósamhæfa valkosti / eiginleika.

6.2 Kveikt/slökkt

Ýttu á þennan takka í nokkrar sekúndur til að kveikja eða slökva á tækinu. Tveir mismunandi tónar heyrast þegar kveikt eða slökkt á tækinu.

Þar sem biðstaða slekkur sjálfkrafa á tækinu eftir nokkrar mínútur til að draga úr orkunotkun getur verið nauðsynlegt að kveikja aftur á tækinu.

Sjá kafla um biðstöðu í kafla um daglega notkun til að fá frekari upplýsingar.

6.3 Hitastig

Þegar þú velur þvottakerfi, stillir tækið sjálfkrafa sjálfgefið hitastig.

Táknið Kalt  = kalt vatn

Táknmynd fyrir stillt hitastig kviknar.

6.4 Þeytivinda

Þegar forrit er stillt setur tækið sjálfkrafa hámark á leyfilegum snúningshraða þeytivindu, nema fyrir kerfið Gallabuxur.

Viðbótarvalkostur þeytivindu:

Engin þeytivinda .

Gaumljós fyrir hitastig lýsir. Stillið þennan kost til að gera alla kosti þeytivindu óvirka. Tækið framkvæmir aðeins eitt ferli tæmingar af völdu þvottakerfi. Stillið þennan kost fyrir mjög viðkvæm efni. Skolferlið notar meira vatn í ákveðnum þvottakerfum.

Skolstopp . Táknið kviknar.

Lokaþeytivinda er ekki framkvæmd. Vatnið mun ekki tæmast úr vélinni eftir síðasta skol til að koma í veg fyrir að þvotturinn krumpist.

Þvottakerfið stöðvast án þess að tæma vatnið úr tromlunni.

Hurðin er áfram læst og tromlan snýst reglulega til að minnka brot í þvottinum. Það verður að tæma vatnið til að hægt sé að opna hurðina.

Ef þú ýtir á Start / bið  -takkann, framkvæmir vélin ferli þeytivindu og tæmir vatnið.

Næturkerfi  Táknið kviknar.

Dregið er úr millistigi og lokaferli þeytivindu og kerfið endar með vatni í tromlunni. Þetta hjálpar til við að draga úr krumpum. Hurðin er áfram læst. Tromlan snýst reglulega til að minnka brot í þvottinum. Það verður að tæma vatnið til að hægt sé að opna hurðina. Þar sem forritið er mjög hljóðlátt er það hentugt til notkunar á nóttunni, þar sem ódýrara rafmagn er í boði. Í vissum kerfum nota skolferli meira vatn.

Ef þú ýtir á Start /

bið-takkann framkvæmir vélin aðeins tæmingarstigið Vélin tæmir vatnið sjálfkrafa eftir um það bil 18 klst.

6.5 Forþvottur

Með þessum kosti er hægt að bæta skolferli við þvottakerfið.

Það kviknar á viðkomandi tákni/ljósi.

Notaðu þennan möguleika til að bæta forþvottfasa á 30 °C á undan þvottakerfinu.

Mælt er með þessum valkosti með mjög óhreinum þvotti, sérstaklega ef hann inniheldur sand, ryk, leðju og aðrar agnir.



Þessir viðbótarvalkostir geta aukið lengd þvottakerfisins.

6.6 Stöðugt aukaskol

Með þessum valkosti er hægt að bæta við nokkrum skolum í samræmi við valið þvottakerfi.

Notaðu þennan valkost fyrir fólk með ofnæmi fyrir leifum af þvottaefni og viðkvæma húð.



Þessi valkostur eykur tímalengd.

Samsvarandi ljós fyrir ofan snertihnappinn kviknar og heldur áfram að vera logandi á meðan á næstu kerfum stendur uns þessi valkostur er gerður óvirkur.

6.7 Stöðugt „Soft Plus“

Stilltu þennan möguleika til að hámarka dreifingu mýkingarefna og bæta mýkt efnisins.

Mælt er með þessu þegar mýkingarefni eru notuð.



Þessi valkostur eykur tímalengd.

Samsvarandi ljós fyrir ofan snertihnappinn kviknar og heldur áfram að vera logandi á meðan á næstu kerfum stendur uns þessi valkostur er gerður óvirkur.

6.8 Seinkun á gangsetningu

Með þessum valkosti geturðu frestað gagnsetningu á þvottakerfi þangað til að það setnu betur á.

Ýtið aftur og aftur á hnappinn til að stilla æskilegan valkost. Tíminn eykst í 1 klst þrepum upp í 20 klst.

Eftir að ýtt er á Start / bið-takkann  sýnir skjárin



táknið og valinn tíma seinkunar og vélin byrjar niðurtalningu og hurðin læsist.

6.9 Tímastilling þvottakerfa („Time Manager“)

Með þessum valkosti geturðu dregið úr tímalengd kerfis eftir stærð á þvotti og magni óhreininda.

Þegar þvottakerfi er valið sýnir skjárin staðaltímalengd kerfis og bandstrik.

Snertu Time Manager-hnappinn til að draga úr tímalengd kerfis til að henta þörfum þínum. Skjárin sýnir nýja tímalengd kerfis og fjöldi bandstrika minnkar í samræmi við það:

Hentar fyrir fulla hleðslu af fatnaði með venjuleg óhreinindi.

Hratt kerfi með fulla hleðslu af fatnaði með litlum óhreinindum.

Mjög hratt kerfi fyrir minna magn af lítið óhreinum fatnaði (mælt er með hálfri hleðslu sem hámark).

stysta kerfið til að fríska upp lítið magn af þvotti. „Time Manager“ er aðeins tiltækt með kerfunum í töflunni.

Tákn á skjá	Suða/ litaður þvottur	Bómu sparn- aðar- kerfi	Gervi- efni
----- 1)	■	■	■
-----	■	■	■
----	■	■	■
---	■	■	■
--	■	■	■
-	■	■	■

1) Staðaltímalengd fyrir öll kerfi.

6.10 Start/bið

Ýttu á Start / bið-hnappinn  til að gangsetja, gera hlé eða hætta við kerfi í gangi.

7. KERFI

7.1. Yfirlit yfir kerfi

Kerfi Staðalhitastig Hitasvið	Hámarkshraði þeytivindu Svið þeytivindu [sn/mín]	Hámarks- magn	Lýsing á kerfi (Gerð hleðslu og stig óhreininda)
Suða/þvottur á lituðum efnum 40 °C 90 °C - Kalt	1400 sn/mín (1400-800)	8 kg	Hvít og lituð bómull. Venjuleg og lítil óhreinindi
Bómull sparnaðarkerfi 1) 40 °C 60 °C - 40 °C	1400 sn/mín (1400-800)	8 kg	Hvít og litheld bómull Venjuleg óhreinindi. Orkunotkun er minni og lengd þvottakerfis er aukin.
Gerviefni 40 °C 60°C -kalt	1200 sn/mín. (1200 -800)	3 kg	Gerviefni eða blandaður þvottur Venjuleg óhreinindi.
Viðkvæmur þvottur 40 °C 40°C -kalt	1200 sn/mín. (1200-800)	3 kg	Viðkvæm efni, svo sem akrýl, viskósa og blönduð efni sem þarfnast mildari þvottar. Venjuleg óhreinindi.
Hratt 14 mín. 30 °C	800 sn/mín (800- 800)	2 kg	Gerviefni eða blandaður þvottur Lítil óhreinindi eða þvottur sem þarfnast frískurnar.
Skolun	1400 sn/mín (1400-800)	2 kg	Öll efni nema ull og mjög viðkvæm efni. Kerfi til að skola og þeytivinda þvott. Venjulegur vinduhraði er sá sem er notaður fyrir bómullarkerfi. Dragðu úr snúningshraða þeytivindu eftir gerð á þvotti. Ef nauðsyn krefur, veldu Extra skolun sem valkost til að bæta við skoli. Með lægri snúningshraða framkvæmir vélin mildari skolanir og stutta þeytivindu.
Þeytivinda/tæming	1400 sn/mín (1400-800)	8 kg	Til að þeytivinda þvottinn og tæma vatnið úr tromlunni. Öll efni nema ull og mjög viðkvæm efni.
Gegn ofnæmi 60 °C	1400 sn/mín (1400 - 800)	8 kg	Hvít bómull Þetta kerfi fjarlægir örverur þökk sé þvottaferli þar sem hitastigið er haldið yfir 60 ° C í nokkrar mínútur. Þetta hjálpar til við að draga úr bakteríum, örverum og ögnum. Frekari skolferli tryggja að leifar þvottaefnis og frjókorn / ofnæmisvaldar eru fjarlægð vandlega. Með þessum hætti verður þvotturinn betri.
Vattteppi 40 °C 60°C -kalt	800 sn/mín (800 - 800)	3 kg	Eitt teppi úr gerviefni, bólstraður fatnaður, sængur, dúnjakki og svipaðir hlutir.
Silki 30 °C	800 sn/mín (800 - 800)	1 kg	Sérstakt þvottakerfi heppilegt fyrir silki og blönduð gerviefni.
Ull 40 °C 40°C -kalt	1200 o/m (1200-800)	1,5 kg	Ull sem hægt er að þvo í vélinni og ull sem hægt er að þvo í höndum og annað efni með táknu „Handþvottur“. 2).

Kerfi Staðalhitastig Hitasvið	Hámarkshraði þeytivindu Svið þeytivindu [sn/mín]	Hámarks- magn	Lýsing á kerfi (Gerð hleðslu og stig óhreininda)
Íþróttafatnaður 30 °C 40°C -kalt	1200 sn/mín. (1200 - 800)	2,5 kg	Íþróttafatnaður úr blönduðum efnum Lítil óhreinindi eða þvottur sem þarfnast frískurnar.
Útilífsfatnaður 30 °C 40°C -kalt	1200 sn/mín. (1200-800)	2,5 kg 3) 1 kg 4)	Ekki má nota mýkingarefni og ganga úr skugga um að ekkert mýkingarefni sé í þvottaefnisúffunni. Íþróttafatnaður úr gerviefnum. Þetta kerfi er ætlað til milds þvotts á nútíma sportfatnaði til notkunar utanhúss og sem er einnig hentugur fyrir þjálfunarmiðstöðvar, hjólréiðar eða skokk og svipaður útífatnaður. Meðmælt magn á þvotti er 2,5 kg. Vatnsþétt efni, efni með öndun og vatnsfráhrindandi efni. Þetta kerfi er einnig hægt að nota sem batakerfi vegna vatnsheldni sem er sérstaklega hannað til að meðhöndla fatnað með vatnsfælnu lagi. Til að framkvæma vatnsnæmisbatakerfið skaltu gera eftirfarandi: Hellið þvottaefninu í hólfi X. Hellið sérstöku vatnsheldniefni í hólfið fyrir mýkingarefni. Minnkið magnið í 1 kg. Til að bæta vatnsheldnimeðhöndlunina ættir þú að þurrka fötin í þurrkara með því að stilla á kerfi fyrir útífatnað (ef það er til staðar og þvottamerkið leyfir þurrkun).
Gallaefni/gallabuxur 30 °C 40°C -kalt	1200 sn/mín (1200 - 800)	3 kg	Sérstakt kerfi fyrir gallaefni/gallabuxur (denim) með léttum þvotti til að lágmarka litatap og merki. Mælt er með því að draga úr fyllingu til að fá fram léttari þvott

1) Staðalkerfi fyrir orkunotkunargildi. Í samræmi við tilskipun 1061/2010, eru samsvarandi "staðalkerfi 60 °C bómull" og "staðalkerfi 40 °C bómull". Þetta eru skilvirkustu kerfin varðandi samspil orku- og vatnsnotkunar fyrir þvott bómull með venjuleg óhreinindi

Hitastig vatns í þvottaferli kann að vera frábrugðið því hitastigi sem er uppgið fyrir valið kerfi.

2) Í þessu ferli snýst tromlan hægt til að tryggja mildan þvott. Það kann að virðast sem að tromlan snúi ekki eða snúist ekki rétt í þessu kerfi.

3) Þvottakerfi

4) Þvottakerfi eða vatnsþéttiferli.

Samhæfni vals á kerfi

Kerfi	Þeytivinda	Ekki þeytivinda	Skolstopp	Næturkerfi	Forþvottur	Auka skol	Soft Plus	Bið á gangsetningu	Time Manager
Suða/þvottur á lituðum efnum	•	•	•	•	•	•	•	•	•
Bómull sparnaðarkerfi	•	•	•		•	•	•	•	•
Gerviefni	•	•	•	•	•	•	•	•	•
Viðkvæmur þvottur	•	•	•	•	•	•	•	•	
Hratt 14 mín.		•	•					•	
Skolun	•	•	•			•		•	
Þeytivinda/tæming	•	•						•	
Gegn ofnæmi	•	•	•		•	•	•	•	
Vatteppi		•					•	•	
Silki		•						•	
Ull	•	•	•					•	
Íþróttafatnaður	•	•	•		•	•		•	
Útilífsfatnaður	•	•	•			•		•	
Gallaefni/gallabuxur	•	•	•	•		•	•	•	

7.2 Woolmark Apparel Care - Blátt

Þvottakerfið í þessari þvottavél er samþykkt af fyrirtækinu Woolmark fyrir þvott á ullarvörum, merkt með 'handþvottur' ef fötin eru þvegin í samræmi við fyrirmæli á fatamiða og samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda þessarar vélar. Fylgið fatamiða til að fá leiðbeiningar varðandi þvott og þurrkun. M1511 Woolmark tákníð er vottunarkerki í mörgum löndum.



8. STILLINGAR

8.1 Hljóðmerki

Þessi vél er með nokkur hljóðmerki sem fara í gang þegar:

- Kveikt er á vélinni (sérstakt stutt hljóðmerki)
- Slökkt er á vélinni (sérstakt stutt hljóðmerki)
- Ýtt er á hnappa (smelluhljóð)
- Rangt val er framkvæmt (3 stutt hljóðmerki)
- Kerfi er lokið (hljóðferli í ca 2 mínútur)
- Bilun kemur fram í vélinni (ferli hljóðmerkja í ca 5 mínútur)

Til að slökkva á / virkja hljóðmerki þegar kerfi er lokið skaltu ýta á takkana fyrir Hita og Þeytivindu samtímis í 2 sekúndur. Skjárinn sýnir kveikja/slökkva



9. FYRIR FYRSTU NOT

1. Tryggið að rafmagn sé til staðar og skrífað sé frá vatnskranana.
2. Hellið litlu magni af þvottaefni í hólfið sem merkt er með

10. DAGLEG NOTKUN



VIÐVÖRUN!

Sjá kafla um öryggi.

10.1 Kveikt á tækinu

1. Setjið klóna í innstunguna.
 2. Skrífið frá vatnskrananum.
 3. Ýtið á Á/Af-hnappinn í nokkrar sekúndur til að kveikja á vélinni.
- Það heyrir stutt hljóðmerki.

Ef slökkt er á hljóðmerkjum þá heyrast þau samt þegar bilun á sér stað í tækinu.

8.2 Barnaöryggi

Með þessum kosti er hægt að koma í veg fyrir að börn leiki sér með stjórnborðið.

Til að kveikja / slökkva á þessum valkosti skaltu halda

Soft Plus-hnappinum inni þar til **kviknar / slokknar** á skjánum.


Vélin er sjálfkrafa stillt á þennan valkost þegar slökkt er á henni.

Barnalæsing gæti verið ekki í boði í nokkrar sekúndur eftir að kveikt er á tækinu.

3. Stillið og gangsetjið þvottakerfi fyrir bómull á mesta hita án þess að setja þvott í vélina.
- Þetta fjarlægir öll hugsanleg óhreinindi úr tromlu og bala.

10.2 Þvottur settur inn

1. Opnið hurðina á vélinni.
2. Hristið þvottinn áður en hann er settur í vélina.
3. Setjið þvott í tromluna, eitt stykki í einu. Setjið ekki of mikið af þvotti í tromluna.
4. Lokið hurðinni.



SÝNIÐ AÐGÁT!

Gangið úr skugga um að engin þvottur sé fastur á milli þéttingu og hurðar til að koma í veg fyrir hættu á vatnsleka og skemmdir á þvottinum.



Þvottur á mjög olíublautum, fitugum blettum getur valdið skemmdum á gúmmíhlutum þvottavélarinnar.

10.3 Þvottaefni og viðbótaefni

		Hólf fyrir forþvottaefni, leggja í bleyti eða blettahreinsi.
		Hólf fyrir þvottaefni.
		Hólf fyrir fljótandi viðbótaefni (mýkingarefni, stífelsi). Hámarks magn fyrir fljótandi viðbótaefnum.
		Flipi fyrir duft eða fljótandi efni.




Fylgdu alltaf leiðbeiningunum á þvottaefnisþakkanum, en við mælum með því að þú farir ekki yfir hámarksviðmiðið (MAX). Þetta magn tryggir bestu útkomu úr þvotti.



Eftir þvottaferlið, fjarlægðu ef þörf krefur leifar af þvottaefni úr skúffunni.

10.4 Athugun á stöðu flipa fyrir þvottaefni


1. Dragið þvottaefnisskúffuna eins langt og hægt er



2. Ýtið niður til að fjarlægja skúffuna.


3. Snúið flipanum upp til að nota þvottaefni úr dufti.

4. Snúið flipanum niður til að nota fljótandi þvottaefni.



Þegar flippinn er í stöðu **NIÐUR**:

- Ekki nota gelkennd eða þykk fljótandi þvottaefni.
 - Ekki fara yfir skammtinn fyrir fljótandi þvottaefni eins og fram kemur á flipanum.
 - Stillið ekki á kerfi fyrir forþvott
 - Ekki setja á seinkun á gangsetningu.
5. Mælið þvottaefni og mýkingarefni.
6. Lokið þvottaefnisskúffunni vandlega.



Tryggið að flipinn sé ekki hindrun þegar skúffunni er lokað.

10.5 Stilling á kerfi

1. Snúið valhnappi fyrir kerfi til að velja æskilegt þvottakerfi.

Ljósíð/táknið fyrir hnappinn Start/bíð blikkar. Skjárinn sýnir áætlun um tíma kerfis.

2. Ýttu á viðeigandi hnappa til að breyta hitastigi og / eða snúningshraða þeytivindu.

3. Ef þú vilt, veldu einn eða fleiri valkosti með því að ýta á viðeigandi hnappa. Viðkomandi tákn kvikna á skjánum og upplýsingarnar breytast í samræmi við það.



Ef valkostur er ekki mögulegur heyrir hljóðmerki og skjárinn sýnir ---.

10.6 Gangsetja kerfi

Ýttu á Start / bíð takkann til að gangsetja kerfið. Viðkomandi tákn hættir að blikka og er áfram kveikt. Kerfið fer í gang, hurðin læsist.

Skjárinn sýnir tákn .

Tæmingardælan getur farið stuttlega í gang áður en vélin er fyllt af vatni.

10.7 Gangsetja kerfi með seinkun á gangsetningu

1. Snertu hnappinn Seinkun á gangsetningu aftur og aftur þar til æskileg seinkun birtist. Skjárinn sýnir tákn .

2. Ýtið á hnapp fyrir Start/bíð . Hurð vélarinnar læsist og niðurtalning fer í gang á seinkun á gangsetningu. Skjárinn sýnir tákn . Kerfið fer sjálfkrafa í gang þegar niðurtalningu lýkur. Til að hætta við seinkun á starti á meðan niðurtalning er í gangi

Til að hætta við seinkun á starti eftir að niðurtalning er komin í gang:

1. Ýttu á Start / bíð hnappinn til að stilla vélina á bíð. Viðkomandi tákn/ljós blikkar.
2. Snertu hnappinn fyrir seinkun á gangsetningu aftur og aftur þar til að skjárinn sýnir og -tákníð slokknar.
3. Ýttu aftur á Start / bíð takkann til að gangsetja kerfið strax.

Til að hætta við seinkun á starti á meðan niðurtalning er í gangi

Til að hætta við seinkun á starti:

1. Ýttu á Start / bíð hnappinn til að stilla vélina á bíð. Viðkomandi tákn/ljós blikkar.
2. Snertu hnappinn fyrir seinkun á gangsetningu aftur og aftur þar til að skjárinn sýnir og tákníð slokknar..
3. Ýttu á Start / bíð hnappinn til að gangsetja nýja niðurtalningu.

Breyta seinkun á starti eftir að niðurtalning er komin í gang

Til að breyta seinkun á starti:

1. Ýttu á Start / bíð hnappinn til að stilla vélina á bíð. Viðkomandi tákn/ljós blikkar.
2. Snertu hnappinn fyrir seinkun á gangsetningu aftur og aftur þar til að skjárinn sýnir umbeðna bíð.
3. Ýttu á Start / bíð hnappinn til að gangsetja nýja niðurtalningu.

10.8 Uppgötvun SensiCare-kerfis á magni

Eftir að hafa ýtt á hnappinn Start/bíð

1. SensiCare kerfið byrjar að meta magn þyngdar til að reikna út raunverulegan tíma kerfis. Í þessum áfanga mun Time Manager ---- bandstrikin undir tímamælingunn vera virk.
2. Eftir u.þ.b. 15-20 mínútur hverfa Time Manager-strikin og ný tímalengd kerfis birtist. Vélin stillir sjálfkrafa tímalengd kerfis til að ná fram fullkominni útkomu úr þvotta á stystum mögulegum tíma.

10.9 Rjúfa kerfi og breyta kosti

Aðeins er hægt að breyta nokkrum kostum þegar kerfi er í gangi:

1. Ýtið á hnappinn Start/bíð Viðkomandi tákn/ljós blikkar.
2. Breyting á kostum. Upplýsingarnar sem gefnar eru á skjánum breytast í samræmi við það.

3. Ýtið aftur á hnappinn Start/bið V þvottakerfið heldur áfram.

10.10 Hætt við kerfi sem er í gangi

1. Ýtið á Á/Af-hnappinn til að hætta við kerfið og slökkva á vélinni.
2. Ýtið aftur á Á/Af-hnappinn til að kveikja á vélinni.



Ef SensiCare kerfi er lokið og vatnsáfylling hefur þegar byrjað, byrjar nýtt kerfi án þess að endurtaka SensiCare kerfið.

Vatn og þvottaefni tæmist ekki til að komast hjá brottkasti.

Það er einnig önnur aðferð til að hætta við:

1. Snúið hnappinum í stöðuna „Núllstillta“ *.
2. Bíðið í 1 sekúndu. Skjárinn sýnir ----. Núna er hægt að velja nýtt þvottakerfi.

10.11 Opna hurðina - bæta við þvotti



Ef hitastig er of hátt eða vatnsmagn í tromlu er of mikið, og tromlan snýst, þá er ekki hægt að opna hurðina.

Hurð tækisins er læst meðan kerfi eða seinkun á gangsetningu er í gangi.

1. Ýtið á hnappinn Start/bið . Tákn fyrir viðeigandi læsingu hurðar slokknar á skjánum.
2. Opnið hurðina á vélinni. Bætið við eða takið nauðsynlega hluti.
3. Lokið hurðinni og ýtið á hnappinn Start/bið X. Kerfið eða seinkun á gangsetningu heldur áfram.

10.12 Kerfi lokið

Þegar kerfið er yfirstaðið stöðvast vélín sjálfkrafa.

Hljóðmerki heyrir (ef virkt) Skjárinn sýnir

Tákn fyrir hnappinn Start/bið slokknar.

Læsing hurðar opnar og tákn slokknar.

1. Ýtið á hnapp Á/Af X til að slökkva á vélinni. Fimm mínútum eftir lok kerfis slekkur orkusparnaðarvirknin sjálfvirk á vélinni til að spara rafmagn.



11. RÁÐ OG RÁÐLEGGINGAR



VIÐVÖRUN!

Sjá kafla um öryggi.

Þegar kveikt er á vélinni sýnir skjárinn lok síðasta kerfis. Notið valrofa til að velja nýtt kerfi.

2. Fjarlægið þvottinn úr vélinni.
3. Gangið úr skugga um að tromlan sé tóm.
4. Hafið hurðina og þvottaefniskúffuna lítilega opna til að koma í veg fyrir myglu og vonða lykt.
5. Skrífið fyrir vatnskranann.

10.13 Tæming á vatni við lok kerfis

Ef þú hefur valið kerfi eða valkost sem losar ekki vatni frá síðasta skolferli, er kerfinu lokið en:

Klukkan sýnir og skjárinn sýnir læsta hurð .

Tromlan snýst enn frekar með reglulegu millibili til að koma í veg fyrir krumpur í þvottinum.

Hurðin er áfram læst.

Það verður að tæma vatnið til að opna hurðina:

1. Ef nauðsyn krefur, ýttu á þeytinduhnappinn til að draga úr snúningshraða sem tækið mælir með.
2. Ýtið á hnapp fyrir Start/bið: Ef þú hefur sett skolstopp, tæmir vélín vatnið og snýst. Ef þú hefur stillt á næturstillingu, tæmir vélín aðeins vatnið.
3. Þegar kerfið er yfirstaðið og tákn fyrir læsta hurð slokknar geturðu opnað hurðina.
4. Ýtið á Á/Af-hnappinn í nokkrar sekúndur til að slökkva á vélinni.

10.14 Valkosturinn biðstaða

Kosturinn sjálfvirk biðstaða slekkur sjálfvirk á vélinni til að minnka orkunotkun þegar:

Þú hefur ekki notað vélina í 5 mínútur. Ýtið aftur á Á/Af-hnappinn til að kveikja á vélinni.

5 mínútum eftir lok kerfis

Ýtið aftur á Á/Af-hnappinn til að kveikja á vélinni.

Skjárinn sýnir lok síðasta kerfis.

Notið valrofa til að velja nýtt kerfi.

Ef hnappinum er snúið í stöðu „Núllstillta“ X, slokknar sjálfkrafa á vélinni eftir 30 sekúndur.



Ef þú stillir kerfi eða valkost sem endar með vatni í tromlunni slekkur sjálfvirk biðstaða ekki á vélinni til að minna þig á að tæma vatnið.

Tákn fyrir valkostinn Skolstopp hverfur.

11.1 Þvottur settur í

- Skiptið þvotti í: Hvítan þvott, litaðan, gerviefni, viðkvæm efni og ull:
- Fylgið ráðleggingum varðandi þvott á fatamerkjum.
- Ekki þvo saman hvítan og litaðan þvott.

- Sumt af lituðum þvotti getur látið lit í fyrsta þvotti. Mælt er með að þvo hann sér í fyrstu skiptin.
- Lokið koddaverum, lokið rennilásunum, krókum og smellum. Festið belti.
- Tæmið vasa og losið um samanbrotna hluti
- Snúið við fjöllum efnum. ull og þvotti með áprentuðu mynstri.
- Meðhöndlið erfiða bletti.
- Nuddið erfiða bletti með sérstöku þvottaefni eða hreinsiefni.
- Sýnið aðgát varðandi gluggatjöld.
- Fjarlægið króka eða bindið þá saman í neti eða poka.
- Þvoið ekki ófaldaðan eða rifinn þvott.
- Notið þvottapoka til að þvo litla og/eða viðkvæma hluti t.d brjóstahaldara, belti, sokkabuxur o.fl.).
- Mjög lítil hleðsla getur skapað vandamál varðandi jafnvægi við þeytuvindu. Ef þetta gerist:

- a. Slökkvið á kerfinu og opnið hurðina (sjá kaflann um daglega notkun).
- b. Dreifið magninu handvirkt þannig að hlutirnir séu jafnt dreift í þvottakarinu.
- c. Ýtið á hnapp fyrir Start/bíð. Ferli þeytuvindu heldur áfram.

11.2 Erfiðir blettir

Þráláta bletti er oft ekki hægt að fjarlægja aðeins með vatni og sápu.

Það er því mælt með að meðhöndla þá fyrir þvott. Til eru sérstök efni til meðhöndlunar á blettum. Notið sérstakt blettahreinsiefni sem hæfir gerð á bletti og efni.

11.3 Þvottaefni og önnur meðhöndlun

Notið aðeins þvottaefni og íbætiefni sem eru sérstaklega gerð fyrir þvottavélar:

12. VIÐHALD OG HREINSUN



VIÐVÖRUN!

Sjá kafla um öryggi.

12.1 Hreinsun að utan

Hreinsið vélina aðeins að utan með sápu og heitu vatni. Þurrkið allt yfirborð.

SÝNIÐ AÐGÁT!

Ekki nota alkóhól/spíra, leysiefni eða kemísk efni.



SÝNIÐ AÐGÁT!

Ekki hreinsa málmyfirborð með hreinsiefnum með klór.

– Þvottaefni fyrir allar gerðir efna. Veljið frekar þvottaefnisduft með bleikiefni fyrir hvíta hluti og hreinlætismeðhöndlun á þvotti.

– Fljótandi þvottaefni, frekar fyrir þvottakerfi með lægra hitastig (60°C hám) fyrir allar gerðir efna, eða sérstaklega aðeins fyrir ull með hitastig (60 °C hám.) Ekki blanda saman mismunandi gerðum þvottaefna. Ekki nota meira en ráðlagt magn af þvottaefni til að hjálpa til við verndun náttúrunnar.

Fylgdu leiðbeiningunum á pakkningunni með hreinsiefnum eða öðrum meðferðum án þess að fara yfir tilgreint hámarksgildi (**MAX**).

Veljið rétt þvottaefni fyrir gerð og lit á þvotti, hitastigi kerfis og stigi óhreininda.

11.4 Umhverfisvæn ráð

- Stillið á þvottakerfi án forþvotts til að þvo þvott með venjulegum óhreinindum.
- Gangsetjið þvottakerfi með hámarksmagni þvotts.
- Ef þú ert að meðhöndla blettina fyrirfram eða nota blettahreinsi, ættir þú að stilla lágmarkshitastig.
- Athugið hörku vatns til að nota rétt magn af þvottaefni. Sjá „Harka vatns“.

11.5 Harka vatns

Ef harka vatns á þínu svæði er mikil eða miðlungs er mælt með að nota mýkingarefni fyrir þvottavélar. Á svæðum þar sem vatn er mjúkt er ekki talin þörf á að nota mýkingarefni.

Íslenskt vatn er undir 2 og á Reykjavíkursvæðinu er það 0,2 til 0,60 °dh eða sérstaklega mjúkt. Ekki á að þurfa nein mýkingarefni eða kalkhreinsi eða sölt í þvotta- /uppþvottavélar á Íslandi.

Notið rétt magn af mýkingarefni, ef það er notað.

Fylgið leiðbeiningum á umbúðum vörunnar.

12.2 Kalkhreinsun



Ef harka vatns á þínu svæði er mikil eða miðlungs er mælt með að nota mýkingarefni fyrir þvottavélar. Athugaðu reglulega tromluna varðandi uppsöfnun kalks.

Venjuleg hreinsiefni innihalda skolmiðla, en við mælum með því að keyra kerfi með tómri tromlu og kalkhreinsiefni öðru hvoru.

Fylgið leiðbeiningum á umbúðum vörunnar.

12.3 Viðhaldsþvottur


Endurtekin og langvarandi notkun kerfa með lágu hitastigi getur valdið því að innblöndun þvottaefnis, leifar af ló, bakteríuvöxt í tromlu og potti. Þetta getur orsakað leiðinlega lykt og myglu. Til að fjarlægja

þessar útfellingar og þrifa innri hluta þvottavélarinnar, ættir þú að framkvæma viðhaldsþvott reglulega (að minnsta kosti einu sinni í mánuði).



Sjá kaflann um hreinsun á tromlunni.

12.4 Hurðarþétting



Skoðið þéttikantinn reglulega og fjarlægið alla aðskotahluti úr innri hluta.

12.5 Hreinsun á tromlu

Athugaðu tromluna reglulega til að koma í veg fyrir ryðmyndun.

Hreinsaðu tromluna með sérstöku efni fyrir ryðfrítt stál.



Fylgið leiðbeiningum á umbúðum vörunnar.

Svona er hægt að framkvæma góða hreingerningu:

Fjarlægið allan þvott úr tromlunni.

Veldu þvottakerfið fyrir suðu/litaðan þvott á hæsta hitastigi

Setjið lítið magn af þvottaefni í tóma tromluna til að skola út leifar ef þörf krefur.




Öðru hvoru í kerfinu getur skjárin sýnt táknið . Þetta er tilmæli um að framkvæma „tromluþrif“.


12.6 Hreinsun á sápuhólfi

Til að koma í veg fyrir hugsanlega uppsöfnun á þurrkuðu þvottefni eða klumpum af mýkingarefni og/eða myglu í þvottaefnishólfinu skaltu gera eftirfarandi hreinsunaraðferðir öðru hvoru:


1. Opnaðu skúffuna. Ýttu hakinu niður eins og sýnt er á myndinni og dragðu hana út.




2. Fjarlægðu efri hluta skúffunnar til að auðvelda hreinsun og hreinsaðu hana með rennandi heitu vatni til að fjarlægja hugsanlegar leifar sápu. Settu efri hlutann á sinn stað eftir hreinsunina.



3. Gakktu úr skugga um að allar leifar af þvottaefnum séu fjarlægðar frá efri og neðri hólfum. Notið lítinn bursta til þess,



4. Setjið sápuskúffuna í brautina og lokið henni. Keyrið skólkerfi án fatnaðar í tromlunni.



12.7 Hreinsun á tæmingardælu

Athugaðu reglulega síu tæmingardælu og vertu viss um að hún sé hrein. Hreinsið tæmingardæluna ef:


- Vélin tæmir ekki vatnið.
- Tromlan snýst ekki.
- Vélin gefur frá sér undarlegan hávaða vegna þess að tæmingardæla er stífluð.

- Skjárinn sýnir viðvörunarkóðann


E20




Haltu áfram eins og hér segir til að hreinsa dæluna:




1.




2.




3.



4.





5.



6.

VIÐVÖRUN!





- Takið vélina úr sambandi við rafstraum.
 - Fjarlægið ekki síuna þegar vélin er í gangi.
 - Hreinsið ekki dæluna ef vatnið í vélinni er heitt. Bíð þar til að vatnið hefur kólnað.
 - Endurtaktu skref 3 nokkrum sinnum með því að loka og opna lokann þar til vatnið hættir að flæða.
- Taktu alltaf klút til að hreinsa upp vatn sem lekur þegar þú fjarlægir síuna.



VIÐVÖRUN!

Athugið að dæluhjólið geti snúist. Ef það snýst ekki skaltu hafa samband við viðurkennt þjónustuverkstæði. Einnig skal gæta þess að herða síuna rétt til að koma í veg fyrir leka.

12.8 Hreinsun á inntaksslöngu og síu á loka.



12.9 Neyðartæming

Ef vélin getur ekki tæmt vatnið, framkvæmið sömu aðferðina sem lýst er í kaflanum um þrif á tæmingarsíu. Ef þetta er nauðsynlegt verður að hreinsa dæluna.

12.10 Varúðarráðstafanir vegna frosthættu

Ef tækið er komið fyrir einhvers staðar þar sem hitastigið getur náð gildi um 0 °C eða fallið undir þetta, fjarlægðu það sem eftir er af vatni frá inntaksslöngu og tæmingardælu.

1. Takið vélina úr sambandi við rafstraum.
2. Skrífið fyrir vatnsskrannann.

13. VILLULEIT

VIÐVÖRUN!

Sjá kafla um öryggi.

13.1 Inngangur

Vélin fer ekki í gang eða stöðvast í gangi.

Byrjið á því að reyna að finna lausn á vandamálinu (sjá töfluna) Hafið samráð við þjónustuverkstæðið ef vandamálið er viðvarandi.

Ef um er að ræða veruleg vandamál, byrja hljóðmerkin, skjárinn sýnir viðvörðunarkóða og Start / bið X hnappurinn getur blikkað stöðugt:

E 10

Vélin tekur ekki inn vatn á réttan hátt. Ýttu á Start / bið X hnappinn til að gangsetja vélina aftur. Eftir 5 sekúndur opnast hurðin.

E20

Þvottavélin tæmir ekki vatnið.

E40

Hurð vélarinnar opnast eða lokast ekki rétt.

Vinsamlegast athugið hurðina!

Ef of mikið af þvotti hefur verið sett inn skaltu fjarlægja eitthvað af þvottinum úr tromlunni og/eða halda hurðinni inni og ýttu á Start/bið hnappinn

3. Setjið báða enda á vatnsslöngu í heppilegt ílát. Látið vatnið renna úr slöngunum.

4. Tæmið tæmingardæluna. Sjá varðandi neyðartæmingu.

5. Setjið slönguna aftur á sinn stað þegar ekki meira vatn rennur úr henni.




VIÐVÖRUN!

Ef gangsetja á vélina á ný, gangið þá úr skugga um að herbergishitinn sé yfir 0°C.

Framleiðandinn ber ekki ábyrgð á skemmdum sem verða vegna lágs hitastigs.

samtímis þar til tákn  hættir að blikka (sjá mynd hér fyrir neðan)



E40

Rafstraumur er óstöðugur. Bíðið þar til að straumur er stöðugur.

E91

Engin samskipti milli rafeindatækja tækisins. Slökkvið á og kveikið á ný. Kerfið kláraði ekki rétt og vélin hætti of snemma. Hafið samráð við þjónustuverkstæðið ef kóðinn birtist aftur.



VIÐVÖRUN!

Slökkvið á vélinni áður en nokkuð eftirlit er framkvæmt.

13.2 Möguleg vandamál

Villa	Hugsanleg orsök
Kerfið fer ekki í gang.	Gangið úr skugga um að klóin sé tengd við rafmagnsinnstungu. Gangið úr skugga um að hurðin sé lokað. Gangið úr skugga um að ekki sé ónýtt öryggi í öryggjatöflu Gangið úr skugga um að ýtt hafi verið á Start/bið-hnappinn. Ef seinkun á gangsetningu hefur verið valin, hættið við stillinguna eða bíðið þar til að niðurtalning er yfirstaðin. Gerið barnalæsinguna óvirka ef hún er á. Athugaðu stöðu hnappsins á völdu kerfi.

Villa	Hugsanleg orsök
Vélin tekur ekki inn vatn á réttan hátt.	Gangið úr skugga um að vatnskraninn sé opinn. Gangið úr skugga um að vatnsþrýstingur sé ekki of lágur. Hafði samband við vatnsveitu varðandi þetta atriði. Gangið úr skugga um að vatnskrani sé ekki stíflaður. Gangið úr skugga um að ekki sé brot eða beyglur á aðrennisslöngu Gangið úr skugga um að tenging vatnsinntaksslöngu sé rétt.
Vélin fyllir sig ekki og tæmist samstundis	Gangið úr skugga um að slangan sé rétt staðsett. Slangan er hugsanlega of lág. Sjá kafla um uppsetningu.
Vélin tæmir ekki vatnið.	Gangið úr skugga um að vatnslás sé ekki stíflaður. Gangið úr skugga um að frárennisslanga sé ekki beygð eða klemmd. Gangið úr skugga um að sía í frárennsli sé ekki stífluð. Hreinsið síuna ef þörf krefur. Sjá „Viðhald og hreinsun“. Gangið úr skugga um að tenging frárennisslöngu sé rétt. Stillið á kerfi fyrir tæmingu ef stillt hefur verið á kerfi án tæmingar. Stillið á kerfi fyrir tæmingu ef stillt hefur verið á kerfi sem endar með vatni í tromlunni
Ferli þeytivindu virkar ekki eða þvottaferli tekur lengri tíma en eðlilegt er	Veljið kerfi fyrir þeytivindu. Gangið úr skugga um að sía í frárennsli sé ekki stífluð. Hreinsið síuna ef þörf krefur. Sjá „Viðhald og hreinsun“. Jafnið úr þvottinum með hendi og veljið kerfi fyrir þeytivindu á ný. Þetta vandamál getur átt rætur að rekja til ójafnvægis.
Vatn á gólfinu	Gangið úr skugga um að tengi á vatnsslöngum séu þétt og engin vatnsleki sé til staðar. Gakktu úr skugga um að inntaksslangan og tæmingarslangan hafi ekki skaðast. Gangið úr skugga um að nota rétt þvottaefni og rétt magn.
Ekki er hægt að opna hurðina á tækinu	Gakktu úr skugga um að þvottakerfi hafi verið valið sem endar með vatni í karinu. Gangið úr skugga um að þvottakerfið sé yfirstaðið. Stillið á tæmingu eða þeytivindu ef vatn er enn í tromlunni. Gangið úr skugga um að tækið fái rafstraum. Þetta vandamál getur átt rætur að rekja til virknibilunar í tækinu. Hafið samband við viðurkennt þjónustuverkstæði.
Óeðlileg hljóð heyrast frá vélinni.	Gangið úr skugga um að hallastilling vélarinnar sé rétt. Sjá kafla um uppsetningu. Gangið úr skugga um að flutningsfestingar og umbúðir hafi verið fjarlægð. Sjá kafla um uppsetningu. Bætið við meiri þvotti. Hugsanlega er mjög lítill þvottur í tromlunni.
Tímalengd kerfis eykst eða minnkar við framkvæmd kerfisins.	SensiCare-kerfið getur stillt lengd kerfisins eftir gerð og magni á þvotti. Sjá um uppgötvun SensiCare á magni í kaflanum um daglega notkun
Óásættanleg útkoma úr þvotti.	Of lítið af þvottaefni eða óheppilegt þvottaefni hefur verið notað Notið hreinsiefni til að meðhöndla erfiða bletti fyrir þvott. Gangið úr skugga um að rétt hitastig hafi verið valið. Minnskið hleðslu á þvotti
Of mikil froða í tromlunni í þvottakerfinu.	Dragið úr magni á sápu
Eftir þvottakerfið eru leifar af þvottaefni í þvottaefnisúffunni.	Gakktu úr skugga um að flipinn sé í rétta átt (UPP fyrir þvottaefni - NIÐUR fyrir fljóttandi þvottaefni). Gakktu úr skugga um að þú hafir notað þvottaefni í samræmi við leiðbeiningarnar í þessari handbók.

Kveikið á vélinni að lokinni yfirferð. Kerfið heldur áfram frá þeim stað þar sem það stöðvaðist.

Hafið samráð við þjónustuverkstæðið ef vandamálið kemur upp aftur.

Kveikið og slökkvið á vélinni., ef skjárin sýnir aðra viðvörðunarkóða. Hafið samráð við þjónustuverkstæðið ef vandamálið er viðvarandi.

14. NOTKUNARGILDI

Tilgreint gildi eru fengin í rannsóknarstofu við viðeigandi staðla. Mismunandi ástæður geta breytt tölunum: Magn og gerð á þvotti, vatnið og umhverfishiti. Vatnsþrýstingur, rafspenna og hitastig vatnsins sem er til staðar geta einnig haft áhrif á þvottalengdina.

Tækniforskriftir geta breyst án fyrirvara til að bæta gæði vöru.

Kerfi	Magn (kg)	Orkunotkun (kWklst)	Vatnsnotkun (í lítrum)	Á að giska tímalengd kerfis (mínútur)	Rakastig sem er eftir (%) 1)
Suða/þvottur á lituðum efnum 60 °C	8	1,40	70	210	52
Suða/þvottur á lituðum efnum 40 °C	8	1,20	69	205	52
Þvottur á gerviefnum 40°C	3	0,60	56	140	35
Fínþvottur 40 °C	3	0.55	59	95	35
Ull/handþvottur 30 °C 2)	1,5	0.45	62	75	30
Staðalkerfi fyrir bómull					
Staðalkerfi 60 °C bómull	8	0,80	52	275	52
Staðalkerfi 60 °C bómull	4	0.56	40	228	52
Staðalkerfi 40 °C bómull	4	0.50	41	226	52

1) Við lok þeytivinduferlis.

Slökkt á virkni (W)	Kveikt á virkni (W)
0,30	0,30
Upplýsingar í töflu hér að ofan eru í samræmi við tilskipun Evrópuráðsins 1015/2010 og tilskipun 2009/125/EC.	

TÆKNILÝSING

Mál	Breidd/ hæð/ dýpt/ Dýpt samtals	600 mm/ 850 mm/ 571 mm/ 600 mm
Tenging við rafmagn	Spenna Heildarorkunotkun Öryggi Tíðni	230 V 2200 W 10 A 50 Hz
Vernd gegn innstreymi agna og raka tryggð með hlífðar kápu, nema lágspennubúnaður er ekki með vörn gegn raka		IPX4
Vatnsþrýstingur	Lágmark Hámark	0,5 bar (0,05 MPa) 8 bar (0,8 MPa)
Tenging við vatn 1)		Kalt vatn
Hámarkshleðsla	Suða/þvottur á lituðum efnum	8 kg
Orkuflokkun		A+++ - 20%
Snúningshraði þeytivindu	Hámark	1400 sn/mín

Tengið vatnsslönguna við vatnskrana með 3/4" utanálíggjandi skrúfgangi.

17. VERNDUN UMHVERFISINS

Endurnýtið efni merkt með merkinu . Setjið umbúðir í viðeigandi gáma til endurvinnslu. Hjálpið til við að vernda umhverfið og mannlega heilsu með því að endurvinna úrgang frá raftækjum og heimilistækjum.

Ekki má farga heimilistækjum með merki  með venjulegu heimilissorpi. Notandanum ber að skila vörunni á söfnunarstað raftækja og rafeindatækja á endurvinnslustöð.